

Alþingi
nefnda- og greiningarsviði
Kirkjustræti
101 Reykjavík
b.t. nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 15. desember 2023
Tilv.:2312099 / DG

Efni: 535. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - þál. um landsskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

Samgöngustofa er, sbr. lög nr. 119/2023 um Samgöngustofu, stjórnáslustofnun samgöngumála, reiðubúin til að taka þátt í samvinnu við að fylgja eftir markmiðum, sem sett verða fram í væntanlegri þingsályktun.

Samgöngustofa fagnar þeim áherslum sem lagðar eru á siglingaöryggi í þingsályktuninni enda er mikilvægt að öryggis siglinga sé gætt í hvívetna þegar haf- og strandsvæði eru skipulögð.

Stofnunin bendir á að rétt geti verið að hnykkt sé sérstaklega á öryggi siglinga t.d. með því að skerpa á orðalaginu „tekið tillit til öryggis sjófarenda“ (áhersla C.5) með því að vísa til þess að öryggi í siglingum sé forgangsatriði þegar kemur að skipulagi haf- og strandsvæða. Má benda á að við úthlutun svæða til fiskeldis og gerð strandsvæðisskipulaga fyrir vestfirði og austfirði hefðu áherslur varðandi siglingaöryggi og greiðar samgöngur á sjó mátt koma fyrir í ferlið og fá meira vægi en varð.

Stofnunin er tilbúin að veita frekari upplýsingar, sé þeirra talin þörf. Tengiliður Samgöngustofu vegna þessa er Kristín Helga Markúsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnáslusviðs. Netfang hennar er Kristin.H.Markusdottir@samgongustofa.is.

Virðingarfyllst

Kristín Helga
Framkvæmdastjóri Stjórnáslusvið